

LANDSBANKINN HF. VIÐSKIPTABANKI | IS | 471008-0280

A3 | 88 / 100

A1 - A3	B1 - B3	C1 - C3	D
Framúrskarandi	Gott	Miðlungs	Slakt


EINKUNN

Landsbankinn fær framúrskarandi einkunn í UFS mati Reitunar með 88 stig af 100 mögulegum. Endar bankinn í flokki A3.


UFS NIÐURSTÖÐUR

	Vægi	Stig	Einkunn
Umhverfisþættir	12.0%	84	B1
E.1 Visthagkvæmni	6.0%	95	A2
E.2 Umhverfisstjórnun	6.0%	73	B2
Félagsþættir	25.0%	95	A2
S.1 Vinnuumhverfi	7.0%	97	A1
S.2 Velferð starfsmanna & viðskiptaánægja	18.0%	95	A2
Stjórnarhættir	63.0%	87	A3
G.1 Almennir stjórnarhættir	9.0%	100	A1
G.2 Starfshættir og aðfangakeðja	24.0%	88	A3
G.3 Vörur og þjónusta	30.0%	82	B1

SAMANBURÐUR



UFS EINKUNNADREIFING



STUTT SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM

Landsbankinn stendur framúrskarandi vel í UFS mati hjá Reitun og endar með hæstu einkunn (A3). Bankinn hefur í lengri tíma horft til sjálfbærni í starfsemi sinni og vinnur áfram af krafti við að auka við sjálfbærni í allri starfsemi. Æðstu stjórnendur eru viljugir til að gera vel í málum sem snúa að sjálfbærni og hefur nú nefnd tileinkuð sjálfbærni verið mótuð hjá bankanum. Mikilvægir UFS þættir fyrir fjármálafyrirtæki snúa að því hvort og hvernig horft er til sjálfbærni í vörum og þjónustu. Bankinn er aðili að samtökum Sameinuðu Þjóðanna um ábyrga bankastarfsemi (e. UN PRB) og hefur verið að vinna vel að því auka við sjálfbærni í lánamálum hjá sér og má þess vænta að hann haldi ötulllega áfram á þeirri vegferð á komandi mánuðum. Í upphafi árs 2021 kynnti hann nýja sjálfbæra fjármálaumgjörð og fór í kjölfarið í græna skuldabréfaútgáfu en andvirði útgáfunnar mun fara í verkefni sem falla undir þá umgjörð. Bankinn hefur skilgreint um 30% stærri lána í safni sínu undir sjálfbæra fjármálaumgjörð. Áhrifaskýrsla mun koma til með að vera birt árlega en slík skýrsla mun veita mikilvæga innsýn í ráðstöfun á fjármagni sem fellur undir sjálfbæra fjármálaumgjörð og árangur yfir tíma. Nú hefur bankinn nýlega birt kolefnisfótspor fyrir lánasafn sitt út frá aðferðafræði PCAF og er fyrstur íslenskra banka til að ná því markmiði. Þetta er stórt skref fyrir bankann og gefur honum kost á því að ná aukinni yfirsýn yfir loftlagstengda áhættu og setja sér þar markmið sem mun nýtast í sjálfbæra stefnumótun bankans. Landsbankinn hefur verið aðili að samtökum Sameinuðu Þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (e. UN PRI) síðan 2013. Eignastýringastarfsemi var á árinu 2020 færð frá Landsbankanum undir dótturfélag hans, Landsbréf, og stefnir félagið að sömu aðild að viðmiðum um ábyrgar fjárfestingar (e. PRI). Landsbréf horfir til sjálfbærni í allri starfsemi sinni og vinnur eftir stefnu um ábyrgar fjárfestingar. Landsbréf kynnti nýlega nýjan fjárfestingasjóð, Eignadreifing Sjálfbær, sem mun eingöngu fjárfesta í verkefnum sem standa vel að sjálfbærni. Fjármálafyrirtæki á Íslandi starfa undir umfangsmiklu regluverki og eftirliti. Vegna þess lítur Reitun á að það lánmarki áhættu um almenna stjórnarhætti og viðskiptasiðferði en þeir þættir eru í góðum farvegi hjá bankanum. Upplýsingaöryggi er áhættuþáttur fyrir fjármálafyrirtæki og hugar Landsbankinn vel að þeim málum. Bankinn hefur verið með ISO27001 vottun síðan árið 2007 og vinnur vel að því að lánmarka þá áhættu sem er til staðar og hlýtur hann hámarksstig fyrir flokk um persónuvernd og upplýsingaöryggi. Bankinn nær árangri í flokk um umhverfisþætti og hefur kolefnisjafnað rekstur sinn árið 2020 með vottaðri kolefnisbindingu. Bankinn stendur einkum vel að starfsmönnum og mælist starfsánægja áfram há. Bankinn hlýtur þá hæstu einkunn fyrir flokk um viðskiptaánægju en hann er í góðum tengslum við samfélagið og kemur vel út í mælingum um viðskiptaánægju þar sem m.a. er hann hæstur íslenskra banka í Ánægjuvöginni 2020, könnun VR um viðskiptaánægju. Landsbankinn leggur áherslu á að ná árangri í sjálfbærni í starfsemi sinni. Honum er umhugað að gera þar vel og hefur sýnt það í verki. Hann hlýtur því áfram framúrskarandi einkunn í UFS mati Reitunar og er fyrirmynd fyrir markaðinn hételendis.

SAMANBURÐUR VIÐ ÍSLENSKA ÚTGEFENDUR

Landsbankinn er vel fyrir ofan meðaltal í öllum flokkum í samanburði við aðra innlenda útgefendur sem hafa farið í gegnum UFS greiningu hjá Reitun (fjöldi: 35). Meðaltal markaðarins sýnir heildareinkunn sem er nú 64 stig af 100 mögulegum, flokkur B3. Landsbankinn fær 88 punkta, flokkur A3, sem er hæsta einkunn. Bankinn deilir A flokki ásamt tveimur öðrum rekstraraðilum.

Fyrirvarar

Við gerð þessarar greiningar og mats á umhverfis- og félagsþáttum og stjórnarháttum (UFS), er gengið út frá því að þau gögn og upplýsingar sem Reitun hefur fengið aðgang að til skoðunar séu sannleikanum samkvæmt og ekki liggi fyrir frekari gögn. Hafi Reitun fengið afhent ljósrít af skjölum gengur Reitun út frá því að þau séu í samræmi við frumrit viðkomandi skjala og ekki hafi verið gerðir neinir viðaukar eða breytingar á þeim eftir á. Þá er gengið út frá því að allar undirritanir á skjöl og samninga sem Reitun hefur fengið aðgang að séu réttar og skuldbindandi fyrir félagið.

Þær skoðanir og spár sem hér koma fram eru byggðar á almennum upplýsingum og mögulega trúnaðarupplýsingum sem Reitun hefur undir höndum þegar matið er ritað. Helstu heimildir eru ársskýrslur og ýmis gögn frá þeim aðila sem verið er að meta, spurningalistar, samtöl og fundir auk aðgengilegra opinberra upplýsinga sem birst hafa í fjölmiðlum og á öðrum vettvangi sem félagið telur áreiðanlegar. Reitun ábyrgist þó ekki áreiðanleika eða nákvæmni upplýsinganna og ber enga ábyrgð á áreiðanleika upplýsingaveitna sem stuðst er við. Upplýsingar í umfjöllun eru einungis birtar í upplýsingarskyni og þær ber ekki að skoða sem tilboð á neinn hátt og þær skulu ekki nýttar á þeirri forsendu að um sé að ræða ráðleggingar vegna fjárfestinga í fjármálagerningum. Fjárfestar eru eindregið hvattir til að afla sér sjálfstæðra ráðlegginga eigin ráðgjafa áður en fjárfest er í fjármálagerningum, s.s. vegna lagalegrar eða skattalegrar stöðu sinnar. Reitun og starfsfólk Reitunar bera ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram.

Þrátt fyrir að þess sé sérstaklega gætt að upplýsingarnar séu réttar og nákvæmar þegar þær eru settar fram getur Reitun, eða starfsmenn Reitunar, ekki borið ábyrgð á villum. Mat á upplýsingum endurspeglar skoðanir Reitunar á þeim degi sem þær eru settar fram, en þær geta breyst án fyrirvara. Hvorki Reitun né stjórnendur eða starfsmenn félagsins bera ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni sem hlýst af upplýsingum sem finna má í þessu mati eða dreifingu slíkra upplýsinga.

Sérstök athygli er vakin á því að áætlanir og spár geta breyst fyrirvaralaust á jákvæðan eða neikvæðan hátt og eru háðar utanaðkomandi óvissu og breytum sem gjarnan eru ekki á valdi Reitunar. Reitun og starfsmenn félagsins taka ekki ábyrgð á því ef að UFS mat einstakra útgefanda sem félagið hefur metið og gefið einkunn á breytist. Reitun ábyrgist ekki að gera breytingar á þeim upplýsingum sem birtar eru í skýrslunni ef forsendur þeirra breytast eða ef í ljós kemur að þær eru rangar eða ónákvæmar.

Reitun, starfsmenn Reitunar, stjórnarmenn eða aðilar tengdir Reitun kunna að eiga hagsmuna að gæta varðandi einstök félög sem greiningar, verðmatsskýrslur og annað útgáfuefni Reitunar lýtur að hverju sinni. Hagsmunir kunna að vera ýmsir t.d. sem hluthafar eða ráðgjafar, eða hagsmunir sem lúta að annarri veittri þjónustu. Möguleiki er á að útgefandi verðbréfa sem metin eru greiðir Reitun fyrir þá þjónustu. Öll greiningarvinna eru engu að síður unnin sjálfstætt af Reitun.

Reitun á allan höfundarrétt að upplýsingum í skýrslunni. Óheimilt er með öllu að dreifa þeim upplýsingum sem finna má í matinu eða nýta þær með öðrum hætti án heimildar Reitunar.